

EYSTRAHORN

32.tbl. 41. árgangur

28.september 2023

www.eystrahorn.is



BARÁTTAN VIÐ VÁGESTINN “KRABBAMEIN”

Það er mikið á hvern og einn lagt, sem staðið hefur í baráttu við krabbamein. Mest er álagið á þeim einstaklingi sem veikist og aðstandendum hans. Krabbamein er sjúkdómur sem kemur mörgum á óvart.

Það vill enginn fá krabbamein og þess vegna er haldið úti öllum mögulegum forvörnum s.s. að konur á vissum aldri eru reglulega kallaðar til skoðunar til að geta, ef mein greinist, ráðist sem fyrst til atlögu við það. Algengustu mein hjá konum tengjast brjóstum þeirra en hjá körlum eru það mein í blöðruhálsi. Hvorutveggja mikilvæg líffæri sem snerta svo marga mannlega þætti! Við viljum öll hafa þessi líffæri í lagi.

Mér finnst eins og ég heyri of oft, að fólk hér sé að verða fyrir því að fá meinið. Eins og alltaf, fyrir okkur sem hér búum, eigum við langt að sækja hvort sem við þurfum að láta fylgjast með heilsufari okkar eða að líta til með öðru sem skiptir lífsgæði okkar máli. Allt kostar þetta fjármuni!



Hér á Hornafirði er starfandi **Krabbameinsfélag Suðausturlands**. Verkefni þess er að leggja lið fólki, sem hefur orðið fyrir því að fá krabbamein. Félagið var stofnað 21. apríl 1970 og eftir nokkra lögð var það endurvakið 1. október 2002. Félagið styrkir m.a. einstaklinga sem þurfa að dvelja langdvölum í Reykjavík vegna krabbameinsmeðferðar. Á Höfn er félagið í góðu samstarfi við Heilbrigðisstofnun Suðurlands.

Félagið aflar tekna m.a. með sölu minningarkorta og frjálsum fjárframlögum einstaklinga og fyrirtækja. Fyrir þá sem vilja leggja félaginu lið eru framlög vel þegin og kært þökkuð. Leggja má inn á reikning félagsins sem er: **0172-15-380067 kt.420102-2080**.

Félagið hvetur til góðrar mætingar á Góðgerðartónleika í Sindrabæ, laugardaginn 30. september n.k. sem Haukur Helgi Þorvaldsson, félagar hans og vinir standa fyrir. Þar koma fram eskfirskir og hornfirskir tónlistarmenn og skemmta með söng og hljóðfæraleik. Fram koma: **Ekrubandið; Strákarnir hennar Stínu; Valdi Hauks;** endurkoma hljómsveitarinnar **Ringulreið** eftir 45 ára dvala; **Hljómsveit Hauks Helga** og unglingshljómsveitin **Borgararnir**. Kynnir kvöldsins er **Valdi Hauks**.

Sindrabær opnar kl. 20:00 og talið verður í fyrstu framkomu kvöldsins kl. 20:30. Aðgangseyrir er kr. 2500 kr. og rennur óskiptur til Krabbameinsfélags Suðausturlands.

Vilji stofnanir, félög og fyrirtæki styðja félagið er bent á upplýsingar um reikning félagsins hér að ofan.

Við undirrituð vonum og óskum þess að sem flestir mæti og leggi baráttunni lið!

Snæfríður H. Svavarsdóttir formaður.

Ólöf Óladóttir gjaldkeri.

Haukur H. Þorvaldsson eldri borgari.



<https://www.krabb.is/sudausturland/krabbameinsfelag-sudausturland>



Austurbraut 20 Sími: 662-8281
Útgefandi: Eystrahorn ehf.
Ritstjóri og
ábyrgðarmaður: Arndís Lára Kolbrúnardóttir
Netfang: arndis@eystrahorn.is
Prófaralestur: Guðlaug Hestnes

Umbrot: Arndís Lára Kolbrúnardóttir
Prentun: Litlaprent
ISSN 1670-4126

FARSÆLDARLÖGIN, INNLEIÐING OG STAÐA Í HORNAFIRÐI

Í byrjun árs 2022 tóku gildi lög á Íslandi um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, oft kölluð farsældarlögin, <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2021086.html>. Markmið laganna er að stuðla að farsæld allra barna og að þau börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgengi að samþættri þjónustu við hæfi og án hindrana. Í þessum lögum kveður við nýjan tón í vinnu með persónuleg mál þar sem beinlínis er ætlast til þess að ólíkir aðilar og ólíkar stofnanir vinni saman. Rétt er þó að taka strax fram að það er ekki gert nema með samþykki viðkomandi og rík áhersla lögð á persónuvernd. Þessi grein er kynning á því hvar við erum stödd í innleiðingu farsældarlaganna í Sveitarfélaginu Hornafirði og verður vonandi um leið hvatning til foreldra að nýta sér ákvæði þeirra telji þeir sig þurfa á því að halda.

Hefð fyrir samstarfi

Til að byrja með er rétt að benda á að í sveitarfélaginu er löng hefð fyrir samstarfi ólíkra stofnana þegar kemur að því að bæta stöðu barna. Hún birtist m.a. í þéttu samstarfi bæði leik- og grunnskóla við velferðarþjónustuna og heilsugæslu þegar málum hefur verið þannig háttað auk góðs samstarfs við lögregluna. Það eru einmitt þessar stofnanir sem verið er að hvetja til meira samtals og samstarfs í málefnum barna en einnig er lögð áhersla á að ná til þeirra aðila sem sjá um börnin í frístundum s.s. félagsmiðstöðva og íþróttafélaga. Við greiningu á stöðu okkar í byrjun árs 2022 kom einmitt í ljós að í auknu samstarfi við íþróttafélög og frístund væru sennilega mestu tækifærin til að auka farsæld barna.

Ýmislegt nýtt

Nýjum lögum fylgja ný hugtök og er önnur grein laganna fyrst og fremst orðskýringar til að tryggja að við skiljum hvort annað þegar við vinnum eftir lögnum. Hugtökin tengiliður og málstjóri eru t.d. tvö af þessum nýju hugtökum sem mikilvægt er að kynna fyrir börnum og foreldrum eftir því sem við á. Önnur hugtök sem eru eins og rauður þráður í gegnum lögin eru stigskipt þjónusta sem skiptist í 1. stigs, 2. stigs og 3. stigs þjónustu.

Þjónusta á 1. stigi er grunnþjónusta sem er aðgengileg öllum börnum og foreldrum og tilheyrir henni t.d. úrræði sem fallist geta undir snemmtæka íhlutun og stuðla að því að koma í veg fyrir vanda síðar

meir og jafnvel að sjá vandann fyrir og koma í veg fyrir hann. Þessi þjónusta er í flestum tilfellum í höndum þeirra sem starfa í nærumhverfi barns t.d. leik- eða grunnskólans eða þeirra sem sinna þjónustu þar s.s. talmeinafræðings, sálfræðings eða iðjuþjálfara. Ef þörf er á samþættri þjónustu (þjónusta þar sem margir aðilar innan eða utan skólans koma að) á 1. stigi er það tengiliður sem veitir fjölskyldunni upplýsingar og heldur utan um samskipti og tryggir að mál séu í farvegi.

Þjónusta á 2. og 3. stigi er einstaklingsbundinn og markviss stuðningur með það að markmiði að tryggja farsæld barns og fer það eftir eðli máls hvort málið telst á 2. eða 3. stigi. Mál á 2. og 3. stigi þarfnast sérhæfðari stuðnings sem veittur er í kjölfar faglegs mats og unnin er stuðningsáætlun til að tryggja samþætta þjónustu og eftirfylgd. Málstjóri heldur utan um mál sem eru á 2. og 3. stigi og sér um að þjónusta sé veitt í samræmi við stuðningsáætlun.

Tengiliður

Telji barn eða foreldri þörf á aukinni aðstoð sem ekki er sjálfkrafa fyrir hendi eftir samtali við deildarstjóra eða umsjónarkennara er viðkomandi bent á að tala við tengilið á viðkomandi stigi. Nú eru aðilar í öllum leik- og grunnskólum sveitarfélagsins farnir að sinna hlutverki tengiliðar. Í Leik- og grunnskólanum Hofgarði í Örafum er Aróra Gústafsdóttir tengiliður, í Leikskólanum Sjónahóli er það Þóra Jóna Jónsdóttir, í Grunnskóla Hornafjarðar Þórdís Þórsdóttir og í FAS Svala Björk Kristjánsdóttir. Heilsugæslan er auk þess með starfsmann sem sinnir tengiliðahlutverkinu t.a.m. í gegnum ungbarnavernd eða almenna heilbrigðisþjónustu og einnig getur tengiliður verið á velferðarsviði ef aðstæður eru þannig. Of langt mál væri að telja upp hlutverk tengiliðar hér en fyrir þá sem vilja kynna sér það betur er bent á heimasíðu barna og fjölskyldustofu <https://www.bofs.is/farsaeld/tengilidir/>.

Málstjóri

Þegar málefni barns eru af fjölþættum toga tekur málstjóri við keffinu af tengilið og heldur utan um málefni barns og leiðbeinir þeim og foreldrum um vinnulag. Málstjóri heldur utan um gerð stuðningsáætlunar og sér til þess að allir sem þurfa að koma að málefnum

barns fá nauðsynlegar upplýsingar til að geta sinnt skyldu sinni. Málstjóri vinnur áfram náið með tengilið og skólanum en einnig með öðrum aðilum sem geta verið á ýmsum stöðum í kerfinu allt eftir þörfum viðkomandi barns. Málstjórar eru á 2. og 3. stigi og eru oftast starfsmenn félagsþjónustunnar. Frekari upplýsingar um starf málstjóra má finna hér <https://www.bofs.is/farsaeld/malstjorar/>. Þegar foreldri eða barn leitar eftir aðstoð og telur sig þurfa samþætta þjónustu hittast fulltrúar í farsældarteymi sveitarfélagsins og meta hvort þjónustan sé á 1., 2. eða 3. stigi og setja málefni viðkomandi barns í farveg eftir því í samráði við foreldra.

Fyrstu skrefin

Þrátt fyrir að búið sé að vinna að innleiðingu farsældarlaganna í tæp tvö ár er það fyrst nú sem verið er að gera breytingar í kerfinu sem eru sýnilegar út á við. Þetta er til að mynda fyrsta formlega kynningin frá sveitarfélaginu og á næstu vikum munu skólarnir senda frá sér frekari kynningu.

Innleiðingarteymi farsældar hefur verið starfandi í tæp tvö ár og mikil orka hefur farið í að tala sig niður á sameiginlegan skilning og bestu leiðir en einnig innleiðing rafrænna lausna til að tryggja samfellu í upplýsingaflæði og örugga meðferð gagna. Það sem foreldrar munu e.t.v. mest verða varir við er að hér eftir ættu allar beiðnir að verða undirritaðar í gegnum íbúagátt. Á það t.a.m. við þegar óskað er eftir aðkomu sérfræðings að máli en líka þegar óskað er eftir miðlun upplýsinga eða samþættri þjónustu en hvortveggja er nauðsynleg forsenda fyrir aðkomu tengiliðar eða málstjóra.

Að lokum er rétt að benda á að þrátt fyrir að flest fagfólk fagni tilkomu farsældarlaganna er ekki um neina byltingu að ræða. Okkar von er þó að með því að vinna vel að innleiðingu laganna takist okkur að gera Sveitarfélagið Hornafjörð að enn barnvænna sveitarfélagi en það er núna. Að öll börn fái hér þjónustu við hæfi og að sem flest þeirra fái hana án þess að verða vör við íhlutun heldur nái þau að vaxa, dafna og blómstra á þann hátt sem þeim er einum lagið og nái í framhaldinu að verða heilbrigðir og hamingjusamir fullorðnir einstaklingar.

Innleiðingarteymi farsældar í Sveitarfélaginu Hornafirði

GÓÐGERÐARTÓNLEIKAR
til styrktar Krabbameinsfélagi Suðausturlands

SINDRABÆR
Laugardagskvöldið 30. september
Kl: 20:00

Fram koma:
EKRUBANDIÐ
Hljómsveit Hauks Helga
Strákarnir hennar Stínu
BORGARARNIR
Ríngulreið

Kynnir kvöldsins: Valdí Hauks
Aðgangseyrir 2500 kr
(eingöngu tekið við reiðufé)

**Flokkur fólksins
á ferð og flugi!**

Höfn í Hornafirði
Samkomuhúsið Hafið —
föstudaginn 29. september

20:30 — Ræðum það sem skiptir máll í þinni heimabyggð; sjávarútvegur, almannatryggingar, samöngur o.fl.
21:30 — Söngur & gleði með Jakobi og Ingu
22:30 — Tónlist hússins & gleði



Rósin tískuverslun

Fatamarkaður í Höfn-inn
morgunverðarsal **sunnudaginn**
1. október frá kl 13-18.

Flottar vörur frá Dk og undirfatnaður
frá Þýskalandi.
Tilboð á völdum vörum

Hlakka til að hitta ykkur



Summuhlíð 12 Akureyri  Sími: 4149393 og 8484829

**Óskað er eftir tilnefningum
til hvatningarverðlauna
á sviði menningarmála á
Suðurlandi 2023**

Samtök sunnleuskra sveitarfélaga (SASS) óska eftir tilnefningum til samfélags- og hvatningarverðlauna á sviði menningarmála á Suðurlandi. Frestur til tilnefninga er til miðnætis mánudagsins 9. október nk. og þær skal senda á netfangið: menningarverdlaun@sass.is. Veitt verður viðurkenning sem og peningaverðlaun sem nýtt verða til áframhaldandi menningarstarfs á Suðurlandi. Nánari upplýsingar má nálgast á heimasíðu SASS: sass.is.



SASS
SAMTÖK
SUNNLEUSKRA
SVEITARFÉLAGA

LESTRARHESTURINN 2023



Nú í sumar var enn á ný haldið af stað með lestrarátakið LESTRARHESTURINN á bókasafninu okkar á Menningarmiðstöð Hornafjarðar, en öllum grunnskólabörnum gafst kostur á að taka þátt í átakinu. Eins og áður var lagt upp með að börnin lesi bækur yfir sumartímann og skrái upplýsingar um bækurnar á þar til gert þátttöku blað, sem þau svo skiluðu aftur

til baka á bókasafnið. Eftir því sem þátttakandinn las meira því fleiri blöðum gat viðkomandi skilað inn. Í lok sumars var svo dreginn út einn vinningshafi sem fékk að launum gjafabréf hjá Pennanum Eymundsson, auk þess sem allir þátttakendur í Lestrarhestinum fengu bók að gjöf frá Menningarmiðstöðunni fyrir að taka þátt í átakinu með okkur í sumar.

Í ár tóku 17 börn þátt í Lestrarhestinum og voru þau yngstu 6 ára en þau elstu 10 ára. Sá þátttakandi sem las flestar bækur var enginn annar en Vilhjálmur Hauksson sem las hvorki meira né minna en 40 bækur í sumar en samtals lásu börnin yfir 220 bækur yfir sumartímann. VEL GERT! Það vildi svo skemmtilega til að sá sem var dreginn út sem vinningshafi þetta sumarið var hann Vilhjálmur sem hlaut, eins og áður sagði gjafabréf frá Pennanum Eymundsson í verðlaun auk hinnar splunku nýju bókar „Spítalaráðgátan – Spæjarastofa Lalla og Maju“ sem allir þátttakendur í LESTRARHESTINUM fengu gefins.

TIL HAMIGNJU KRAKKAR OG
TAKK FYRIR AÐ TAKA ÞÁTT Í
LESTRARHESTINUM 2023.

*Sandra Björg Stefánsdóttir
Bókavörður á Menningarmiðstöð
Hornafjarðar*

ERTU MEÐ FRÁBÆRA
HUGMYND?

UPPBYGGINGARSJÓÐUR SUÐURLANDS
óskar eftir umsóknum í sjóðinn

KYNTU ÞÉR ÁHERSLUR
OG ÚTHLUTUNARREGLUR

UMSÓKNARFRESTUR
ÞRIÐJUDAGINN
3. OKT KL. 16:00



SASS.IS

SÓKNARÁÆTLUN
SUÐURLANDS



SASS
SAMTÖK
SUNNLEUSKRA
SVEITARFÉLAGA

FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA

1. Samverustund vetrarins verður
í EKRU föstudaginn 6. október kl
17,00



Gestur samverunnar verður Karl
Skírnisson frá Borgum

Fyrirlestur hans nefnist .

Frá Hamborg að Borgum í Hornafirði

Það verður fróðlegt að heyra hvað hann hefur
að segja.

Mætum vel og höfum gaman saman

Haustrfundur félagsins verður miðvikudaginn
11. október kl. 16,00

Nánar auglýst síðar

FRAMTÍÐAR UPPBYGGING Á JÖKULSÁRLÓNI – EIGNARHALD OG REKSTUR LYKILMANNVIRKJA

Ferðamálafélag Austur-Skaftafellssýslu boðar til fundar um framtíðaruppbyggingu innviða við Jökulsárlón og möguleika á stofnun fasteignafélags í eigu Hornfirðinga (Austur- Skaftafellinga). Fundurinn verður haldinn fimmtudaginn 5. október n.k kl 17:00 í fundarsal Nýheima.

Á sumarmánuðum auglýstu stjórnvöld eftir aðilum til að taka þátt í markaðskönnun þar sem reyfaðar voru hugmyndir um hvernig standa skuli að uppbyggingu fasteigna og innviða við Jökulsárlón. Markaðskönnunin bar þess merki að málið væri á byrjunarstigi og óljóst hvaða leiðir stjórnvöld vilja fara þegar kemur að eignar- og rekstrarhaldi uppbyggingar innviða við Jökulsárlón.

Eftirfarandi fyrirtæki skiluðu inn upplýsingum tengdum markaðskönnuninni:

Actic Adventure hf
Gistiheimilið Hali ehf
Íslandshótel
Reitir fasteignafélag
Bláa Lónið
Icelandgöng ehf
Jökulsárlón Ferðaþjónusta ehf
Reykjavík Excursions
Drífa ehf
Icefix ehf
Local langustine ehf
Skeggy ehf
Fallastakkur ehf
Iceguide ehf
Marina Travel ehf
Staðarfjall ehf
Fjallsárlón ehf
Íshúsið bistro ehf
Niflheimar ehf
Öryggismiðstöð Íslands

Stjórn FASK hittist á fundi 18. september s.l og fjallaði um markaðskönnunina og fyrirhugaða uppbyggingu á Jökulsárlóni. Stjórnin var sammála um mikilvægi þess að öll uppbygging á svæðinu verði á forræði heimaaðila þannig að sá virðisauki sem skapast við rekstur fasteigna og annarrar starfsemi á Jökulsárlóni skili sér til baka til nærsamfélagsins og efla og styrki það enn frekar, rétt eins og eitt af megin markmiðum stofnun

Vatnajökulspjóðgarðs gerir ráð fyrir.

Frá fundinum 18. september hefur FASK átt fund með bæjarstjóra og formanni svæðisráðs Vatnajökulspjóðgarðs til að viðra hugmyndir FASK að boða til fundar um málefnið og ýta þannig af stað umræðu um stofnun Fasteignafélags í eigu Hornfirðinga. Ennfremur átti stjórn FASK fund með þeim aðilum sem reka afþreyingu á Jökulsárlóni í dag, Jökulsárlóni ehf, Icelagoon og Iceguide ásamt Skinny-Þinganesi.

Á þeim fundi kom meðal annars fram mikilvægi þess að öflugt atvinnulíf þrífst eingöngu ef samfélagið sem það starfar í er sterkt og að samfélagið hafi tækifæri til að vaxa og dafna. Með því að eignarhald á innviðum á Jökulsárlóni verði á forræði heimamanna er líklegra að virðisauki sem hlýst af uppbyggingu við Jökulsárlón skili sér til baka til nærsamfélagsins.

Miðað við almenna umræðu, væntingar og umfang framkvæmda í Sveitarfélaginu Hornfirði er útlit fyrir að nýtt vaxtaskeið sé framundan í Austur Skaftafellssýslu. Verið er að skipuleggja ný hverfi og hugmyndir um uppbyggingu annars þjónustukjarna eru í deiglu. Hingað til hafa vaxtaskeið svæðisins verið rekin áfram af sjávarútvegi en nú er útlit fyrir að ferðaþjónustan muni skapa tækifæri til frekari samfélagsþróunar. Gert er ráð fyrir að fjöldi ferðamanna tvöfaldist á næstu 7 – 10 árum og því mikilvægt að samfélagið sé vel vakandi og meðvitað um þau tækifæri sem framundan eru til að skapa það samfélag sem við viljum lifa í. Hér þurfum við virkt samtal íbúa, fyrirtækja og stjórnmalaflokka til að halda utan um tækifærin sem framundan eru.

Fasteignafélag í dreifðu eignarhaldi Hornfirðinga mun búa yfir víðtækri og mikilvægri reynslu af fjölbreyttum rekstri. Hér er ekki eingöngu átt við félög og einstaklinga sem eru í rekstri ferðaþjónustufyrirtækja heldur allra þeirra Hornfirðinga sem kunna að hafa áhuga á að koma að eignarhaldi fasteignafélagsins. Því er mikilvægt að allir sem kunna að hafa áhuga á málinu komi á fundinn og kynni sér málið.

Ólíklegt er að einstaka fyrirtæki eða einstaklingar ráði við svo umfangsmikið verkefni en hinsvegar er raunhæft að með sameiginlegum kröftum, þekkingu og reynslu verði verkefnið gefandi, árangursríkt og farsælt fyrir eigendur fasteignafélagsins og nærsamfélagsins.

Eins og sést á upptalningu þeirra fyrirtækja sem skila inn gögnum í markaðskönnunina þarf fjölbreyttan hóp heimaaðila til að standa saman að verkefninu. Svæðisráð Vatnajökulspjóðgarðs, Bæjarstjórn og önnur félagsamtök þurfa að leggjast á eitt við að ræða við sitt bakland um mikilvægi þess að uppbygging verði á forræði Hornfirðinga.

Verkefnið er umfangsmikið og því fylgir mikil ábyrgð. Gert er ráð fyrir að heildar byggingar- magn geti verið á bilinu 6.000 – 8.000 fm. Áætlaður heildar kostnaður getur því verið á bilinu 3 – 4 milljarðar kr. Gert er ráð fyrir að hægt sé að áfangaskipta uppbyggingunni.

Margt smátt gerir eitt stórt og með fjölbreyttu eignarhaldi mismunandi aðila með sameiginleg markmið á að vera hægt að afla nægs fjárs til að klára verkefnið. Nánari kynning og umræður fara fram á fundinum.

Hlutverk FASK er afmarkað og skýrt, það er að koma af stað hópi Hornfirðinga sem mun standa að uppbyggingu innviða á Jökulsárlóni að fundi loknum.

Stjórn FASK vonast til að sjá sem flesta á fundinum.

*F.h Stjórnar FASK
Haukur Ingi Einarsson*





Félagsfundur Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu (FASK)

FASK boðar til opins fundar um málefni Jökulsárlóns og mögulega stofnun fasteignafélags fimmtudaginn 5 október n.k kl. 17:00 - 18:00 í Nýheimum.

Að kynningu lokinni verður orðið gefið laust og fundarmenn hvattir til að spyrja spurninga og/eða leggja fram tillögur fyrir fundinn. Fundurinn er opinn öllum íbúum á félagssvæði FASK.

F.h stjórnar FASK

Haukur Ingi Einarsson



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Skipulagslýsingar í kynningu vegna breytinga aðalskipulags

Bæjarstjórn samþykkti á fundi sínum þann 14. september 2023 að kynna tvær skipulagslýsingar skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna breytinga á aðalskipulagi.

Hvalvörðugilslækur við Hof í Örafum:

Fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi felur í sér að um 3 ha svæði fyrir verslun og þjónustu verður skilgreint í landi Hofs þar sem nú er skilgreint landbúnaðarsvæði. Heimiluð verður uppbygging til gisti og veitingareksturs auk þjónustu vegna dagsferða inn á áhugaverð svæði. Deiliskipulag mun ná yfir sama svæði, ásamt aðkomu frá þjóðvegi. Gert verður ráð fyrir aðkomu frá Suðurlandsvegi inn á skipulagssvæðið.

Nýtt verslunar- og þjónustusvæði á Höfn:

Helstu markmið breytingarinnar eru að afmarka nýtt svæði á Höfn þar sem koma megir fyrir rýmisfrekri verslunar- og þjónustustarfsemi með mögulegu svigrúmi fyrir annars konar verslunar- og þjónustuhúsnæði sem geti átt heima með stórverslun(-um) eða í grennd þeirra.

Lýsingarnar eru aðgengilegar í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar, www.skipulagsgatt.is.

Frestur til að skila inn athugasemdum vegna lýsinganna er til 2. október og skal þeim skilað í gegnum [skipulagsgáttina](http://www.skipulagsgattina).

Umhverfis- og skipulagsstjóri

Hjáleiga í Örafum deiliskipulag

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar samþykkti þann 14. september 2023 að auglýsa deiliskipulag fyrir Hjáleigu í Örafum í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Helstu markmið tillögunnar eru að skilgreina byggingarreiti fyrir 6 íbúðarhús og setja skilmála fyrir þau.

Tillagan verður til sýnis frá **22. september til 3. nóvember** í anddyri Ráðhúss Hafnarbraut 28, 780 Höfn og er hún einnig aðgengileg í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar, www.skipulagsgatt.is.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta eða vilja gera athugasemdir er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögunina á auglýsingatíma og skal þeim skilað í gegnum skipulagsgáttina.

Umhverfis- og skipulagsstjóri Sveitarfélagsins Hornafjarðar



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

Leiðarhöfði á Höfn breytt deiliskipulag

Bæjarráð Sveitarfélagsins Hornafjarðar samþykkti þann 27. júlí 2023 að auglýsa breytingu á Aðalskipulagi Hornafjarðar 2012-2030 í samræmi við 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Helstu markmið tillögunnar eru að breyta landnotkun á Leiðarhöfða að hluta úr íbúðarsvæði, ÍB4, og óskilgreindu opnu svæði í nýtt opið svæði, OP5. Þar verður skilgreint útivistar- og hátíðarsvæði þar sem heimilt verður að reisa þjónustu og menningarhús.

Tillagan er aðgengileg í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar, www.skipulagsgatt.is og á bæjarskrifstofu sveitarfélagsins, Hafnarbraut 27 á Höfn.

Umsagnar- og athugasemdarfrestur er frá **25. september til 6. nóvember 2023**. Skila skal athugasemdum á rafrænan hátt í gegnum skipulagsgáttina.

Umhverfis- og skipulagsstjóri Sveitarfélagsins Hornafjarðar



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is



Viltu verða barþjónn?

Viltu vinna þar sem partyið endar aldrei?
Hafinu vantar barþjóna!

Góð aukavinna um helgar

Hafið samband í síma 662-8281

Eða sendið tölvupóst á kartofluhusid@gmail.com

Lifandi vatn
- lifandi vatn með lífandi bakteríum

Dagskrá vikunnar

Almennar samkomur
sunnudaga klukkan 13:00

Bænastundir
fimmtudaga klukkan 19:30

Við hlökkum til að sjá þig

Jesus segir:
"Ei nokkurn þyrstir þú komi hanna
til mín og drekki,
þú þjarta Jesus sem truar á mig
munu renna
talar blátt vatn"

www.morgunblaettur.is

Takið eftir!!!!

6-9 ára
kirkjustarf
(1.-3. bikkur)

hefst
2. október
kl. 16.15 til 17.00

Þú og
Lávarn

Þings

Selgstífræði

Jól í
skólassa

VIÐEKKJA
VÖGU
OLENG



HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG

Spennandi framtíðarstarf í Húsasmiðjunni á Höfn. Vilt þú vera með okkur í liði?

Við leitum að jákvæðum og metnaðarfullum aðila til þess að bætast í hóp öflugra starfsmanna Húsasmiðjunnar á Höfn. Um er að ræða fjölbreytt framtíðarstarf söluráðgjafa í verslun. Við leitum að aðila sem hefur jákvætt hugarfar og metnað fyrir því að veita framúrskarandi þjónustu til okkar viðskiptavina.

Vinnutími er frá 8:00-17:00 virka daga og frá 10:00-14:00 annan hvern laugardag.

Helstu verkefni:

- Sala, afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavinum
- Móttaka vöru, tiltekt og afgreiðsla pantana
- Önnur tilfallandi verslunarstörf

Hæfniskröfur:

- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð, skipulög og vönduð vinnubrögð
- Stundvísi, reglusemi og snyrtimennska
- Sterk öryggisvitund
- Almenn tölvukunnátta

**Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf fljótlega.
Hvetjum öll áhugasöm til að sækja um óháð kyni.**

Nánari upplýsingar um starfið gefur Kristján Björgvinsson rekstrarstjóri á venni@husa.is. Umsóknarfrestur er til 10. október. Öllum umsóknum verður svarað. Sótt er um á ráðningarvef Húsasmiðjunnar www.husa.is/laus-storf

Skannaðu QR kóðann og skoðaðu starfið



Gildin okkar

Áreiðanleiki

Þjónustulund

Þekking

Húsasmiðjan er lífflegur vinnustaður með góðan starfsanda og sterka liðsheild. Húsasmiðjan leggur áherslu á að nýta til hins ýtrasta hæfni, frumkvæði og þekkingu samhents hóps rúmlega 500 starfsmanna sem starfa hjá fyrirtækinu. Lögð er rík áhersla á símenntun og fræðslu og að starfsmenn eigi þess kost að eflast og þróast í starfi.



Framúrskarandi
fyrirtæki

2017
2022
Excellent in Iceland
Vinnuáhrif Skýrðin

UPPSKRIFT VIKUNNAR

Ramen eftir Pálma Sigurgeirsson

Nú er haustið heldur betur gengið í garð og tími villibráðarinnar kominn. Þessi réttur er sívinsæll og jafnvígur í súld á miðvikudegi sem og á hátíðlegum laugardegi þar sem hægt er að laga hann að hvaða tilefni sem er.

Að þessu sögðu sendi ég boltann yfir á Gunnlaug Róbertsson og Laufeyju Sveinsdóttur.



Hráefni fyrir 4

Grunnur:

2 litlar gæsabringur (eða annað rautt kjöt ef fólk hefur ekki aðgang að gæs)

300gr bókhveitis- eða eggjanúðlur

600ml nautasoð eða kjúklingasoð

Meðlæti:

2 vorlaukar

4 ostrusveppir

1 paprika

1 dós minimaís

Sushi engifer (ef hann er til)

1 rauður eldpirar (má sleppa)

2 linsóðin egg (gott að sjóða í soðinu)

Marinering:

2 hvítlauksgeirar

5 msk soyasósa

5 msk mirin

2 msk hlínsýróp

1 tsk MSG

2 tsk sesamolía

Hvítlaukur rifinn niður og öllu blandað saman í skál.

Aðferð:

Soð af hvaða tagi sem er, einfaldast er að útbúa það úr kjötkrafti og vatni (smakka til með soya sósu). Núðlur lagðar í pott ásamt vatni og soðið uns núðlurnar losna í sundur, ekki þar til þær eru graut mjúkar. Á meðan núðlurnar eru að sjóða er kjörið að skera gæsina í þunnar sneiðar (passað að skera hana þversum ekki langsum) og steikja í smjöri ásamt sveppum. Saltað og piprað eftir smekk. Þegar gæsin er orðin hóflega elduð er hún sett í marineringuna og sveppirnir teknir til hliðar.

Athugið að passa þarf saltmagn í soði ef eggjanúðlur eru notaðar þar sem þær eru oft saltar.

Næsta mál á dagskrá er þá að skera niður grænmetið og fara að raða þessu saman.

Byrjað er á að setja núðlurnar í hentugar skálar, því næst er sveppum, papriku, chilli og öðru grænmeti raða ofan á núðlurnar. Gæsin fer síðan ofan á grænmetið ásamt hálfu linsóðnu eggi, næst er soðinu hellt yfir þangað til það rétt snertir grænmetið. Þegar allt er komið í skálina er fínt skornum vorlauk stráð yfir.

Athugið: Þjóðráð er að nota það grænmeti sem er í kælinum þá og þegar, ég nota til dæmis mjög oft sykurbaukir og sýrðan lauk en með því má búa til meiri dýpt í bragði og áferð.

Verði ykkur öllum að góðu.

SPURNING VIKUNNAR

Heldur þú að meistaraflokkur kkd Sindra komist upp um deild á þessu tímabili??



Guðmundur Leví Margeirsson
Ég vona það



Rami Ómar Zriouil
Já ég vona það



Hilmar Óli Jóhannsson
Já!



Smári Óliver Guðjónsson
Já, já, já, for sure



ORÐALEIT

SKÁTAR
SEPTEMBER
TEPPI
PONYHESTUR
BALLERÍNA
KRÚSÍDÚLLA
AFMÆLISKAKA
KERTASTANDUR
BARSTÓLL
HAMINGJA

Starfastefnumót 2023

Miðvikudaginn 25. október í Nýheimum

Fyrirtæki Hornafjarðar – við bjóðum ykkur á stefnumót

Þann 25. október næstkomandi er tækifæri til að skella sér á stefnumót við starfsmenn framtíðarinnar, alla íbúa og önnur fyrirtæki á svæðinu.

Stefnumótið er samfélagsviðburður sem felur í sér tækifæri til að eiga samtál við fólk og kynna starfsgreinar og starfsemi fyrirtækja ásamt framtíðarsýn og þróun starfsgreina.

Hvaða framtíðartækifæri felast í Hornafirði?

Þeir aðilar, fulltrúar starfsgreina, einstök fyrirtæki eða fyrirtækjahópar sem hafa áhuga á að kynna sér málið frekar eða taka beinan þátt í þessum metnaðarfulla viðburði, vinsamlega hafið samband við Kristínu Völu, verkefnastjóra hjá Nýheimum þekkingarsetri (kristinvala@nyheimar.is), fyrir miðvikudaginn 4. október n.k.